
REGLUGERÐ KLÍ UM FÉLAGA- OG/EÐA LIÐASKIPTI

1. grein

Tilkynningarskylda

Allir þeir sem öðlast vilja keppnisrétt með félagi innan vébanda KLÍ til þátttöku í Íslandsmótum í keilu skulu skila inn umsókn um leikheimild. Öll félaga- og/eða liðaskipti skulu gerast á vegum KLÍ.

2. grein

Tímabil félaga- og/eða liðaskipta

Tímabil félagaskipta eru eftirfarandi:

Leikmönnum er ávallt heimilt að skipta um félag.

Tímabil liðaskipta eru eftirfarandi:

Leikmönnum eru liðaskipti frjáls frá og með 1. júní til og með 31. júlí ár hvert.

Leikmönnum er aðeins heimilt að skipta einu sinni um lið frá og með 1. ágúst til og með 31. janúar. Frá og með 1. febrúar til og með 31. maí eru liðaskipti óheimil, utan sértilvik sbr. d- og g-lið 3. greinar.

3. grein

Hlutgengi leikmanna / leikheimildir

Leikmaður öðlast leikheimild um leið og umsókn hefur verið móttækin, enda sé hún lögleg að öðru leyti;

- a) Hafí hann aldrei verið skráður í lið og/eða félag.
- b) Hafí hann ekki verið skráður í lið og/eða félag síðastliðin tvö keppnistímabil.
- c) Hafí lið hans ekki verið tilkynnt í liðakeppni KLÍ innan tilskilins árlegs frests
- d) Hafí hann tilkynnt úrsögn úr liði fyrir 1. ágúst og óski eftir nýrri leikheimild á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. maí.
- e) Tilkynni hann liða- og/eða félagaskipti og óski eftir nýrri leikheimild á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. janúar.
- f) Hafí hann tilkynnt úrsögn úr liði og/eða félagi fyrir 1. febrúar og óski eftir nýrri leikheimild á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. maí.
- g) Tilkynni hann félagaskipti og óski eftir nýrri leikheimild á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. maí.

Leikmaður öðlast ekki leikheimild þrátt fyrir móttöku umsóknar, enda sé hún lögleg að öðru leyti

- h) Tilkynni hann liðaskipti og óski eftir nýrri leikheimild á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. maí.

4. grein

Framkvæmd félaga- og/eða liðaskipta

Tilkynning um félaga og/eða liðaskipti skal senda KLÍ á þar til gerðu eyðublaði (*Umsókn um leikheimild*) ásamt bankakvittun. Umsókn telst vera móttekin þegar hún hefur borist KLÍ fullfrágengin og greitt hefur verið félaga- og/eða liðaskiptagjald. Stjórn KLÍ ákveður gjaldið fyrir hvert tímabil.

Umsókn um leikheimild er jafnframt yfirlýsing um að leikmaður skuldbindi sig til að hlíta gildandi reglum KLÍ. Öll liðaskipti skulu gerast á vegum KLÍ, hvort sem er innan keilufélags eða milli keilufélaga, innan héraðs eða milli héraða.

Við liðaskipti þarf undirskrift fyrirliða viðkomandi liða. Ætli fyrirliði að yfirgefa lið skal nýr fyrirliði skrifa undir umsókn um liðaskipti hans.

Við félagaskipti þarf undirskrift formanns eða gjaldkera keilufélagsins sem gengið er úr. Félagi er heimilt að veita öðrum umboð til undirritunar félagaskipta og skal það tilkynnt skrifstofu KLÍ.

Úrsögn leikmanns úr keilufélagi eða umsókn um aðild að nýju keilufélagi felst ekki í umsókn um leikheimild. Ekki þarf að greiða félaga- og/eða liðaskiptagjald vegna úrsagnar.

Ef stjórn þess keilufélags sem leikmaður hyggst ganga úr staðfestir ekki umsókn um leikheimild, öðlast leikmaður ekki leikheimild með nýju félagi. Hafi leikmaður fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er formanni KLÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilraunum milli félaganna.

Leikmaður fær útgefið keppnisleyfi sem staðfestir leikheimild þegar KLÍ hefur móttengið fullfrágengna umsókn og skal leikmaðurinn fá keppnisleyfi sbr. 3. gr. frá og með næsta degi eftir móttöku. Almennt skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin umsókn um leikheimild borist KLÍ daginn áður eða á faxi fyrir miðnætti daginn áður, en þó verða umsóknir sem berast um helgar og á frídögum að öllu jöfnu afgreiddar næsta virka dag og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi. KLÍ skal senda tilkynningu um keppnisleyfið á viðkomandi keilufélög með tölvupósti.

Samþykkt á þingi KLÍ 3. maí 2006